



1. útgáfa 11.01.2019

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

### 1.1 Vörukenni:

**QUINTOLUBRIC 888-46**

#### Vörunúmer:

**7501 056159DN0110 208 Ltr.**

### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

#### Viðeigandi notkun

Olía á vökvakerfi.

#### Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

### 1.3 Söluaðili:

**N1**

#### Framleiðandi:

Quaker Chemical B.V.

Dalvegur 10-14

Industrieweg 7

201 Kópavogur

1422 AH Uithoorn, Holland

#### Sími:

440 1000

00 31 297 544644

#### Netfang:

[n1@n1.is](mailto:n1@n1.is)

[SHEQEU@quakerchem.com](mailto:SHEQEU@quakerchem.com)

#### Veffang:

[www.n1.is](http://www.n1.is)

[www.quakerchem.com](http://www.quakerchem.com)

### 1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

#### Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan flokkast ekki sem hættuleg.

### 2.2 Merkingaratriði:

#### Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan flokkast ekki sem hættuleg. Merkinga er ekki krafist.

#### Hættumerki

Engin.

#### Viðvörðunarorð

Ekkert.

#### Hættusetningar

Engar.

#### Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til.

### 2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

### 3.1 Efni:

Á ekki við

### 3.2 Blöndur:

Blanda estera og aukefna.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

---

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálp

---

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð:	Almennt er ekki þörf skyndihjálparaðgerða vegna vörunnar.
Innöndun	Skaðlaust við innöndun.
Snerting við húð	Skaðlaust í snertingu við húð.
Snerting við augu	Skaðlaust í snertingu við augu.
Inntaka	Skolið munn.
Til hjálparliða	Gætið ávallt að eigin öryggi.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Engin þekkt.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

---

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

---

### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviðuft, froða, vatn. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Myndar kolefnis-, nitur- og fosfóroxíð, reyk og eitruð hálfbrunnin, lífræn niðurbrotsefni.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.  
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

---

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

---

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Notið persónuhlífar.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu, sé það unnt án áhættu.  
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.  
Litla losun má hreinsa upp með klútum. Skolið mengað svæði með miklu vatni.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

---

## 7. Meðhöndlun og geymsla

---

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Viðhafið góðar vinnuvenjur. Reykið ekki. Notið persónuhlífar.  
Notið fjarri eld- og neistagöfum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

### 7.2 Örygg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Æskilegt geymsluhitastig: 0-40°C.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2 og tækniblöð um vöruna.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

##### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166) sé þess talin þörf.

##### Húð - hendur

Mælt er með notkun hanska.

##### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

##### Öndunarfæri

Tryggið góða loftræstingu.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Væg
Litur:	Gulbrúnn
Rennslismark:	<-30°C
Suðumark:	>100°C
Blossamark:	300°C
Eðlismassi við 15°C:	0,920 g/cm <sup>3</sup>
Vatnsleysni:	Óleysanlegt
Sprengifini:	Varan er ekki sprengifim
Seigja (40°C):	47,5 mm <sup>2</sup> /s
Oxandi eiginleikar:	Nei

### 9.2 Annað

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndar kolefnis-, nitur- og fosfóroxíð, reyk og eitruð hálfbrunnin, lífræn niðurbrotsefni við bruna.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

#### Bráð eiturhrif

QUINTOLUBRIC 888-46					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	ATE	>2000	mg/kg		
Bráð eiturhrif, ísog um húð	ATE	>2000	mg/kg		
Bráð eiturhrif, innöndun	ATE	>20	mg/l/4 klst		

Húðerting/æting	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.
Alvarlegur augnskaði	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.
Næming	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.
Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun við æxlun	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.
Eiturhrif á líffæri (eitt skipti)	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.
Eiturhrif á líffæri (endurtekin)	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.
Ásvelgingarhætta:	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

QUINTOLUBRIC 888-46					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	300 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	250 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IC <sub>50</sub>	115 mg/l	96 klst	Þörungur	

12.2 Þrávirgni og niðurbrot: Brotnar greiðlega niður (86,5% - OECD 301C).

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

12.5 PBT/VPvB: Á ekki við.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:  
 16 03 (Vörur úr framleiðslulotum sem ekki standast forskriftir og ónotaðar vörur).  
 16 03 06 (Lífrænn úrgangur, annar en tilgreindur er í 16 03 05.)

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

**ADR:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

**IMDG:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

**IATA:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

---

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að í lið 3 á þessu öryggisblaði

H315	Veldur húðertingu.
H400	Mjög eitrað lífi í vatni.
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Útgáfa/Dags: 1/11.01.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**QUAKER CHEMICAL BV**  
**SAFETY DATA SHEET**  
**QUINTOLUBRIC 888-46**

Útgáfa: 09.08.2018 Útgáfa 1.01